LÖG

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp" við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 4. Þaðan í vörðu í Stórakrók. 5. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakrika. 6. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 7. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvarinnar. 8. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 9. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 10. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarkinn. 11. Þá lína í markaþúfu við gömlu sandgryfjurnar. 12. Þaðan í Lækjarbotna. 13. Þá í Gráhellu. 14. Þaðan í miðjan Ketshelli. 15. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í Kaplatór (Strandartorfur). 16. Þaðan bein lína í Markraka. 17. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 18. Þaðan bein lína í Markhelluhól. 19. Þaðan í Hraunkrossstapa. 20. Þá í Miðkrossstapa. 21. Þá í Hólbrunnshæð. 22. Þá í Stóra-Grænhól. 23. Þá í Skógarhól. 24. Og í Markaklett við Hraunsnes.

B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33/1929, ásamt breytingu á þeim lögum, nr. 31/1959, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, svo og 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1936.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.